

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita.

Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi.

Dalbraut 12, 840 Laugarvatn.

### **Athugasemdir Veiðifélags Árnesinga við tillögu að aðalskipulagi.**

Auglýst hefur verið til kynningar tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem gilda á yfir tímabilið 2017-2029.

Í grein 6.3. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 kemur fram að skylt sé að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun og tekið sérstaklega fram í b lið að svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun eigi að flokka í aðalskipulagi undir Varúðarsvæði(VA).

Nokkrir virkjunarkostir eru taldir upp í biðflokki verndar- og orkunýtingaráætlun(Rammaáætlun) sem tekur til Skeiða- og Gnúpverjahrepps og er gerð grein fyrir þeim í greinargerð með aðalskipulagstillögunni í kafla 2.3.4, um varúðarsvæði.

Meðal þessara virkjunarkosta eru svokallaðar Hestvatnsvirkjun og Vörðufellsvirkjun og er umfjöllunin um þá í skipulagstillögunni þannig að líta má svo á að sveitarfélagið hafi það að stefnu sinni að vinna að þessum virkjunum á skipulagstímanum.

Í ljósi markmiða skipulagslaga nr. 123/2010 um að í aðalskipulagi skuli koma fram stefna sveitarstjórnar telur stjórn Veiðifélags Árnesinga mikilvægt að tekið verði fram í kafla aðalskipulagstillögunnar nr. 2.3.4., um varúðarsvæði, að það sé ekki stefna sveitarstjórnar að virkja við Hestfjall og Vörðufell og ekki vinna með neinum hætti að undirbúningi þeirra. Eins að taflan á bls. 35 verði felld út eða útskýrt að lýsingin í henni endurspegli ekki áform sveitarstjórnar.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur að óhjákvæmileg, augljós og mikil neikvæð áhrif þessara virkjana á vatnasvæði Ölfusár - Hvítár eigi þegar af þeirri ástæðu að útiloka að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps taki þær til frekari athugunar og vinni í stað þess að því að þær verði flokkaðar í verndarflokk Rammaáætlunar.

Kaldaðarnesi, 25. október 2017,

Jörundur Gauksson, formaður Veiðifélags Árnesinga.

[jorundur@logbyli.is](mailto:jorundur@logbyli.is) S. 892-0372